

Nd.

385. Breytingartillaga

[136. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Birgi Finnssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Aftan við 1. gr. komi 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 auru á hvert kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 milljónum króna.